

Mánudaginn 31. maí 1937.

Nr. 9/1937. Ólafur Ólafsson, Sig. Steinpórsson,
Kristmann Jóhannsson, Kristján
Bjartmar og Guðmundur Jónsson
gegn
firmanu H. Benediksson & Co.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ólafur Ólafsson, Sig. Steinpórsson,
Kristmann Jóhannsson, Kristján Bjartmar og Guð-
mundur Jónsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50
króna aukagjald í rikissjóð, ef þeir vilja fá mál
sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 7. júní 1937.

Nr. 179/1936. Ísafjarðarkaupstaður
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Elliheimilinu „Grund“
(Einar B. Guðmundsson)

Sveitarfélag ekki talið hafa á virkan hátt sagt upp
ábyrgð sinni á dvalarkostnaði tveggja þurfalinga
sinna á elliheimili nokkru.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 16. júlí 1936: Stefndur,
Ísafjarðarkaupstaður, greiði stefnandanum, Elliheimilinu
Grund, kr. 2170.19 með 6% ársvöxtum af mánaðarvist-
gjöldunum fá því þau féllu í gjalddaga til greiðsludags
og kr. 246.60 í málskostnað.

Stefndum ber að greiða stefnandanum vistgjald fyrir
gamalmennin Jón Snorra Árnason og Sigríði Guðmunds-

dóttur, meðan þau dvelja hjá honum, þó ekki hærra en kr. 135,00 og kr. 105,00 um hvern mánuð.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sökum embættisanna hefir dregizt nokkuð að leggja dóm á mál þetta.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. nóv. f. á., hefir fengið gjafsókn í því með bréfi dómsmálaráðuneytisins 18. s. m. og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti. Hefir áfrýjandi krafizt sýknu af öllum kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum, þó með þeirri breytingu, að greiðsluskylda á vistargjöldum þurfalinganna, Sigríðar Guðmundsdóttur og Jóns Snorra Árnasonar, frá 1. okt. 1935 verði takmörkuð við 1. jan. 1936, er framfærslulög nr. 135/1935 gengu í gildi. Svo krefst stefndi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Um Sigríði Guðmundsdóttur, sem talin er fædd 6. marz 1864, er það óvæfengt, að fátækrastrjórn Reykjavíkur hefir engan þátt átt í dvöl hennar hjá stefnda. Er hún komin á Elliheimilið „Grund“ árið 1929, og hefir í fyrstu dvalizt þar án framlags frá áfrýjanda, en árin 1931—1934 incl. hefir hann greitt dvöl hennar þar að fullu.

Jón Snorri Árnason, sem talinn er fæddur 20. febr. 1871, kom sem sjúklingur til Reykjavíkur árið 1926, 1. júlí, að því er talið er, en ekki er upplýst, að hann hafi notið hér fátækrastryks fyrr

en um áramótin 1929—1930, nema hvað viðurkenning áfrýjanda 27. ágúst 1927 á sveitfesti hans mætti benda í þá átt. Þann 21. jan. 1930 lýsir læknir hann óvinnufæran sakir taugasjúkdóms, og um þær mundir kom fátækrastrjórn Reykjavíkur honum fyrir á mótuneyti þurfalinga bæjarins. Þann 28. jan. 1930 tilkynnti borgarstjórinn í Reykjavík áfrýjanda hagi Jóns og áskildi bænum rétt til endurheimtu á hendur áfrýjanda á veittum fátækrastryrk. Með bréfi 7. marz s. á. lofaði áfrýjandi að greiða fyrst um sinn meðlag lögum samkvæmt með Jóni, en óskar þess jafnframt, að honum verði komið fyrir á ódýrari hátt. Annars kostar kveður hann gerðar munu verða ráðstafanir til flutnings á honum til Ísafjarðar, þar sem framfærsla hans verði kostnaðarminni. Af flutningi varð þó ekki, en síðla árs 1930 er talið, að Jóni hafi verið komið fyrir hjá stefnda. Fátækrastrjórn Reykjavíkur neitar því fastlega, að hún hafi vistað Jón þar, en áfrýjandi telur svo hafa verið, og liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar þar um. En hvernig sem því er varið, er hitt óvæfengt, að áfrýjandi lét Jón Snorra vera hjá stefnda og greiddi umyrðalaust fulla fúlgu fyrir hann, þar til hann sagði upp „ábyrgð“ sinni á dvalarkostnaði bæði Jóns og Sigríðar þann 22. nóv. 1934, en greiddi þó einnig með Jóni til loka þess árs.

Uppsögnin 22. nóv. 1934 er byggð á því, að eftirleiðis beri Reykjavíkurbæ sem dvalarsveit þurfalinganna að greiða $\frac{1}{3}$ hluta fúlgunnar, þar sem ekki sé unnt að flytja þá fátækraflutningi vegna þess, að þeir séu komnir yfir sextugt, og skírskotar í því efni til bréfs atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 23. marz 1933 (Stjt. B. 1933, bls. 379).

Bæjarráð Reykjavíkur, er stefndi leitaði nú til, synjaði 30. nóv. 1934 um viðurkenningu á nokkurri skyldu á hendur Reykjavíkurbæ til framfærslu á téðum þurfalingum. Ályktun bæjarráðs tilkynnti stefndi áfrýjanda, en ekki verður séð, að nokkur ráðstöfun hafi verið gerð til þess að fá úrlausn réttra stjórnarvalda samkvæmt 65. gr. laga nr. 43/1927 um ágreining bæjarfélaganna tveggja um þetta efni.

Sýknukröfu sína byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að máli þessu sé ranglega að honum beint, með því að honum sé, samkvæmt framansögðu, óskýlt að greiða, nema nokkurn hluta fúlgunnar, en framkvæmdarvaldið ákveði samkvæmt 65. gr. laga nr. 43/1927, hversu mikið hvort bæjarfélagið skuli greiða. Áfrýjandi hefði því átt að krefja dvalarsveitina, Reykjavíkurbæ, til bráðabirgða um alla fúlguna. Í skiptum aðilja, sem að framan er lýst, felst skuldbinding af hálfu áfrýjanda til að greiða stefnda fúlgu fyrir oftnefnda þurfalinga, og var stefnda, sem er einkastofnun, rétt að beina dómsmáli til úrlausnar um þá skyldu á hendur áfrýjanda, alveg án tillits til þess, hvort áfrýjandi kynni að eiga endurheimtu á hendur öðru hrepps- eða bæjarfélagi á einhverju eða öllu af því, er hann greiddi til stefnda. Um slíkar skyldur milli hrepps- eða bæjarfélaga úrskurðar framkvæmdarvaldið eftir 65. gr. laga nr. 43/1927, enda er dómur í þessu máli á engan hátt því til fyrirstöðu, að bæjarfélög þau, er nefnd hafa verið, leiti úrlausnar samkvæmt áðurnefndri lagagrein um sambandið sín á milli í hérgreindu efni, og að rétt stjórnarvald ákveði það, svo sem það telur lög standa til.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi sýknukröfu sína á

því, að hann hafi leyst sig gagnvart stefnda undan skyldu sinni til að greiða fúlguna frá 1. des. 1934 með uppsögn sinni 22. nóv. s. á. Eins og áður er víkið að, felst í skiptum aðilja skuldbinding á hendur áfrýjanda til að greiða stefnda fúlgu fyrir oft nefnda þurfalinga sína, þar til hann ráðstafaði þeim með öðrum hætti. Uppsögnin ein, ásamt tilvisun þurfalinganna til Reykjavíkurbæjar, sem eindregið mótmælti framfærsluskyldu sinni, verður ekki talin virk ráðstöfun í þessu efni, og því ekki næg til þess að leysa áfrýjanda undan nefndri skyldu. Enda virðist áfrýjandi sjálfur trauðla hafa talið uppsögn sína nægilega í þá átt, með því að hann greiddi þó meðlag beggja þurfalinganna fyrir allan næsta mánuð. Þetta bendir og líka til þess, að áfrýjandi hafi ekki ætlað til þess, að stefndi flytti þurfalingana, annað blint gamalmenni og hinn sjúkan, rúmfastan aldraðan mann, með valdi, ef á hefði þurft að halda, á hendur fátækra stjórni Reykjavíkur, enda verður ekki talið, að stefndi firrti sig nokkrum rétti, þótt hann færi ekki þá leið.

Samkvæmt framansögðu verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda hina kröfðu fjárhæð fyrir tímabilið 1. jan. 1935 til 30. sept. s. á., kr. 2170.19 með 6% ársvöxtum frá 7. sept. 1935 til greiðsludags.

Krafa stefnda um það, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða vistargjald fyrir hvern mánuð, er oftnefndir þurfalingar dveljist hjá honum eftir 30. sept. 1934 til 1. jan. 1936, virðist, eins og máli er farið, ekki vera nægilega ákveðin til þess, að dómur verði á hana lagður, og ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins þykir mega

staðfesta. Eftir atvikum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ísafjarðarkaupstaður, greiði stefnda, Elliheimilinu „Grund“, kr. 2170.19 með 6% ársvöxtum frá 7. sept. 1935 til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðförlu að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er skv. samkomulagi aðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 7. september 1935, af Elliheimilinu Grund hér í bænum gegn Ísafjarðarkaupstað til greiðslu skuldar, að upphæð 2170.19, sem er vistgjald og lyfjakostnaður tveggja þurfalinga stefnds fyrir tímabilið jan.—sept. (incl.) 1935 svo og til greiðslu sama vistgjalds, kr. 105.00 og kr. 135.00, mánaðarlega, meðan dvöl vistmanna hjá stefnanda helzt. Ennfremur krefst stefnandi 6% ársvaxta af upphæðunum, frá því að hver mánaðargreiðsla féll eða fellur í gjalddaga til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar, en til vara hefir hann sérstaklega mótmælt því, að hann verði dæmdur

til greiðslu ákveðins vistgjalds fyrir umrædda þurfalinga um óákveðinn tíma, á meðan dvöl þeirra hjá stefnanda helst.

Málavextir eru þeir, að síðla árs 1930 var tveimur gamlmennum, Sigríði Guðmundsdóttur og Jóni Snorra Árnasyni, komið til vistar hjá stefnanda. Stefndur var framfærslusveit beggja þessara gamalmenna og hefir hann greitt vistgjald að fullu fyrir þau frá komudegi þeirra til stefnanda og til áramóta 1934 og 35. Með bréfi, dagsettu 22. nóv. 1934, tilkynnir bæjarstjóri stefnds stefnanda, að bæjarstjórn stefnds hafi „ályktað að segja upp ábyrgð þeirri, sem bæjarstjórn hefir fram til þessa staðið í gagnvart yður fyrir dvöl þurfamannanna Jóns Snorra Árnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur og gildir uppsögnin á ábyrgðinni frá næstkomandi mánaðarmótum að telja“. Eins og áður segir, greiddi þó stefndur vistgjaldið til áramóta 1934 og 35, en síðan hefir hann ekki greitt neitt, en þar eð gamlmennum hefir ekki verið ráðstafað frá stefnanda, hefir hann höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur byggir sýknukröfuna á því, að stefnanda beri að beina framangreindum kröfum sínum til Reykjavíkurborgar sem dvalarsveitar umræddra gamalmenna, sem síðar eigi aðgang að sér sem framfærslusveit um $\frac{2}{3}$ hluta þeirrar upphæðar, er hún greiði vegna gamlmenanna. Ennfremur byggir hann sýknukröfuna á því, að umræddum gamlmennum hafi verið ráðstafað til stefnanda af Reykjavíkurborg sem dvalarsveit þeirra, er visttíminn hófst. Hann hafi aðeins tekið á sig venjulega ábyrgð á greiðslu vistgjaldsins og sé því uppsögn sín á ábyrgðinni fullgild og eigi að hafa þau áhrif, að hann losni við greiðsluskylduna gagnvart stefnanda.

Í 52. gr. fátækralaganna nr. 43 frá 1927 er svo ákveðið, að ef maður þarfnast sveitarstyrks, skuli hann veittur honum af dvalarsveit, er síðan eigi aðgang að framfærslusveit um endurgreiðslu hans eða hluta hans. Á þessu byggir stefndur það, að stefnandi eigi ekki aðgang að sér, heldur Reykjavíkurborg um umkrafða skuld, og því beri að sýkna sig af kröfum hans í þessu máli. Rétturinn telur þó, að þetta ákvæði sé sett eingöngu til hagræðis þurfamanni sjálfum og þeim, er hefir hann á framfæri sínu, og að þeir geti því krafði framfærslusveit þurfamanns beint a. m. k.

um $\frac{2}{3}$ þess styrks, er þurfamaðurinn þarfnast, og alls, ef atvik liggja þannig, að dvalarsveit beri ekki að greiða neinn hluta styrksins. Málinu telst því réttilega beint gegn stefndum, og verður sýknukrafa hans því ekki tekin til greina sökum aðildarskorts.

Stefnandi hefir ákveðið neitað því, að Reykjavíkurborg hafi ráðstafað gamalmennunum til hans. Stefndur hafi sjálfur gert það og hafi stefndur greitt sér vistgjaldið skv. framfærslusamningi við sig, en ekki sem ábyrgðarskuldari skv. venjulegum ábyrgðarsamningi.

Stefnandi hefir lagt fram yfirlýsingu frá borgarstjóranum í Reykjavík, sem mótmælt hefir verið sem rangri, en ekki sem óstaðfestri, um að umræddum gamalmönnum hafi ekki verið ráðstafað til stefnanda af Reykjavíkurborg og að Sigríður hafi aldrei fengið fátækrastyrk úr borgarsjóði hér.

Eins og á stendur hvílir því sönnunarbyrðin um það, að gamalmennunum hafi verið ráðstafað til stefnanda af Reykjavíkurborg á stefndum. Og hvað viðvikur gamalmenninu Sigríði, þá hafa engar líkur verið að því leiddar, að fátækrastjórn Reykjavíkur hafi haft nokkur afskipti af henni eða að henni hafi verið komið til stefnanda af öðrum en stefndum sjálfum. En að því er snertir gamalmennið Jón Snorra, er það upplýst með bréfi borgarstjórans í Reykjavík til bæjarfógetans á Ísafirði, dags. 28. jan. 1930, að honum var ráðstafað af fátækrastjórn Reykjavíkur á mötuneyti þurfalinga hér í bænum. Tilkynnti borgarstjórninn bæjarfógeta, að meðlagið þangað yrði kr. 3.00 til 3.50 á dag. Þetta þótti stefndum of hátt og tilkynnti borgarstjóra með bréfi, dags. 7. marz 1930, að ef ekki takist mjög bráðlega að koma Jóni Snorra fyrir á ódýrari hátt, þá muni bæjarstjórn stefnds gera ráðstafanir til þess, að hann verði fluttur vestur á elliheimili stefnds.

Með hverjum atvikum eða fyrir hvers atbeina Jón Snorri flyzt úr mötuneyti þurfalinga til stefnanda, er ekki unnt að sjá af því, sem fyrir liggur í máli þessu, en með tilliti til bréfs þess frá stefndum, er nú var minnzt á, og yfirlýsingar borgarstjóra Reykjavíkur, er getið er hér að framan, svo og þess, að stefndur borgar um margra ára skeið eftir beztu getu og athugasemdalaust vistgjald Jóns Snorra að fullu og beint til stefnanda, þykir verða að telja með

sérstöku tilliti til þess, er áður segir um sönnunarbyrðina fyrir umræddu atriði, að stefndur hafi sjálfur ráðstafað Jóni Snorra til stefnanda og gengizt undir að greiða honum vistgjald með gamalmenninu að fullu. Gamalmenni þau, er mál þetta snýst um, sýnast hafa verið örvasa og ósjálfbjarga. Stefndur virðist því ekki, eins og á stóð, hafa getað losað undan greiðsluskyldu sinni þeirra vegna gagnvart stefnanda með því einu, að tilkynna honum, að hann greiddi ekki lengur vistgjald þeirra. Til þess að losna við greiðsluskylduna hefði stefndur, að áliti réttarins, orðið að ráðstafa gamalmennunum frá stefnanda, en svo lengi, sem hann ekki gerir það, telur rétturinn hann greiðsluskyldan. Þarf nú aðeins að athuga, hvað umsögn (sic) stefnds á „*ábyrgðinni*“ á vistgjaldi gamalmennanna gæti haft þau áhrif, að frá þeim tíma, er uppsögnin kom í gildi, sem raunverulega var um áramótin 1934 og 5, því að til þess tíma hafði stefndur sjálfur greitt vistgjaldið að fullu, gæti stefnandi aðeins kafið stefndan um $\frac{2}{3}$ vistgjaldsins, sbr. 52. gr. fátækralaganna, en bæri að snúa sér til Reykjavíkurborgar um $\frac{1}{3}$ þess. Rétturinn telur þó að skýra beri 52. gr. fátækralaganna þröngt, þannig að ekki geti komið til greina, að sú sveit, sem framfærslusveit sjálf hefir ráðstafað þurfalingum sínum í, verði skyld til að greiða $\frac{1}{3}$ kostnaðar við framfærslu þurfalingsins þar. Umrædd uppsögn verður því ekki talin hafa áhrif í þá átt að meina stefnanda að krefja stefndan um allt vistgjald umræddra gamalmenna. Og þar eð upphæð gjaldsins og vaxtakröfunni hefir ekki verið sérstaklega mótmælt, verður krafa stefnanda, hvað þetta hvorttveggja snertir, tekin til greina.

Gegn mótmælum stefnds verður hann ekki dæmdur til greiðslu ákveðins vistgjalds fyrir þurfalingana um óákveðinn tíma, meðan dvöl þeirra hjá stefndum helzt. En hinsvegar verður að taka kröfu stefnanda um þetta atriði til greina á þann hátt, að ákveða, að stefndum beri að greiða stefnanda vistgjald með gamalmennunum, meðan þau dvelja hjá honum, þó ekki hærra en kr. 135.00 og kr. 105.00 um hvern mánuð.

Úrslit máls þessa verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2170.19 með 6% ársvöxtum af mánaðarvistgjöldunum

frá því þau féllu í gjalddaga til greiðsludags og málskostnað, er skv. framlögðum reikningi, sem ekki hefir verið sérstaklega mótmælt, nemur kr. 246.60.

Ennfremur verður ákveðið, að stefndum beri að greiða stefnanda vistgjald fyrir umrædd gamalmenni þann tíma, sem þau dvelja hjá honum.

Miðvikudaginn 9. júní 1937.

Nr. 35/1937. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Friðþjófi Ó. Johnson

(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. desember 1936: Kærði, Friðþjófur Ó. Johnson, greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal vera sýkn af skaðabótakröfu kæranda, Stefáns Árnasonar.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars B. Guðmundssonar, kr. 65.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Verknað kærða, þann sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, ber að heimfæra undir 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum og ákveðst refsing sú, sem hann hefir unnið til, 100 króna sekt til ríkissjóðs, sem af-